



## **Kennarasamband Íslands / fréttatilkynning 28. október 2016**

Þvert gegn faglegum sjónarmiðum kennarastéttarinnar á Íslandi var nám í framhaldsskólum stýtt um eitt ár úr fjórum árum í þrjú á kjörtímabilinu sem er að líða. Sú aðgerð var harðlega gagnrýnd af forystu kennara í skólamálu og talin rýra innihald náms á framhaldsskólastigi.

Nú hefur ritari Sjálfstæðisflokksins lýst því yfir að skólann megi stytta enn meira og hlýtur það að endurspegla stefnu Sjálfstæðisflokksins í menntamálu.

Kennarasamband Íslands óskar eftir því að Sjálfstæðisflokkurinn upplýsi nánar um fyrirætlanir sínar og upplýsi kjósendur um eftirfarandi:

- Hvaða skólastig hyggst flokkurinn stytta?
- Um hversu mörg ár?
- Hvaða kennslugreinar aðallega telur flokkurinn að megi missa sín í íslensku skólakerfi?

**Kennarasamband Íslands**